

Skipulagsstofnun  
b.t. Jóns Þóris Þorvaldssonar  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Akureyri, 4. desember 2020  
UST202011-185/Í.M.J.  
08.12.00

## **Efni: Mat á umhverfisáhrifum – breytingar á eldissvæðum í Patreks- og Tálknafirði**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst þann 2. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um það hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

### **Framkvæmdarlýsing**

Arctic Sea Farm hf. og Arnarlax ehf. (hér eftir nefnd rekstraraðilar) fyrirhuga breytingu eldissvæðum fyrirtækjanna í Patreks- og Tálknafirði, þar sem fer fram eldi á laxi. Matsskyldufyrirspurnin er gerð í nafni Fjarðalax ehf. en fyrirtækið Arnarlax ehf. tók yfir rekstrar- og starfsleyfi Fjarðalax ehf. í Patreks- og Tálknafirði þann 25. ágúst síðastliðinn eftir sameiningu fyrirtækjanna. Fram kemur í tilkynningarskýrslu að rekstraraðilar samræmi starfsemi sína þegar kemur að útsetningu, sjúkdómavörnum og hvíldartíma og muni gera það áfram eftir breytingar. Þá kemur fram að breytingin muni ekki hafa áhrif á framleiðsluáætlun, hvíldartíma eða umfang starfseminnar.

Um er að ræða breytingu á fjölda, staðsetningu og lögun eldissvæða í firðinum. Breytingin felst í því að eldissvæði við Hlaðseyri, sem er innst af núverandi eldissvæðum í Patreksfirði verður aflagt og bætast við tvö ný svæði nær mynni fjarðarins, við Vatneyri annars vegar og að Háanesi hins vegar. Þá mun eldissvæðið við Kvígingisdal stækka til vesturs og eldissvæði við Laugardal í Tálknafirði færast vestar.

### **Umhverfisáhrif framkvæmdar**

Fram kemur í tilkynningarskýrslu að markmið breytingarinnar er að bæta eldisskilyrði og minnka umhverfisáhrif laxeldis í fjörðunum. Með breytingunni verði hægt að staðsetja kvíar þannig að súrefnisflæði og sjóskipti aukist miðað við það sem nú er og lífrænt álag frá eldinu muni dreifast á stærra svæði.

Umhverfisstofnun telur að þær breytingar sem fyrirhugaðar séu ekki líklegar til að hafa neikvæð áhrif á þá matsþætti sem stofnunin tekur afstöðu til. Stofnunin gefur út starfsleyfi fyrir starfseminni og hefur eftirlit með henni m.t.t. áhrifa hennar á umhverfi.

Umhverfisstofnun minnir á að sækja þarf um endurskoðun á starfs- og rekstrarleyfum rekstraraðila vegna fyrirhugaðra breytinga.

### **Niðurstaða**

Umhverfisstofnun telur áhrif ofangreindrar framkvæmdar á umhverfi liggja ljós fyrir og að ferli umhverfismats sé í þessu tilfalli ekki til þess fallið að varpa skýrari mynd á áhrif starfseminnar á umhverfið.

Með tilliti til umfangs, eðlis og staðsetningar framkvæmdar, að því gefnu að starfsemin muni uppfylla þau skilyrði sem sett verða í breyttu starfsleyfi og sé byggð á bestu aðgengilegri tækni telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að hún hafi í för með sér aukin umhverfisáhrif umfram það sem lýst var í upphaflegu umhverfismati og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst

Ísak Már Jóhannesson  
sérfræðingur

Steinar Rafn Beck Baldursson  
sérfræðingur